



## FUNDARGERÐ 447. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 15. apríl 2021. Fundurinn er settur klukkan 15:15 og frestað klukkan 16:22 sama dag. Fundinum er fram haldið klukkan 15:00 þann 30. apríl. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarki Bjarnason í forföllum Kolbrúnar Þorsteinsdóttur þann 15. apríl, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir þann 30. apríl og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri þann 15. apríl og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestir:** Haraldur Flosi Tryggvason, ráðgjafi stjórnar, situr fundinn undir lið 1.

### Tekið fyrir

#### 1. Samstarf við Ymi Technologies

Kynnt voru drög að samkomulagi um flutning vinnslulínu Ymis Technologies í nýtt og endurbætt húsnæði við GAJU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*Stjórn SORPU bs. veitir framkvæmdastjóra heimild til að ganga frá samkomulagi við Ymi Technologies á grundvelli þeirra samningsdraga sem liggja fyrir stjórn.*

#### 2. Grænt bókhald SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir grænu bókhaldi SORPU. Stjórn SORPU samþykkir grænt bókhald SORPU.

#### 3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um val á bjóðendum vegna útboðs nr. 15058 – flutningur og leiga á gámum vegna starfstöðva SORPU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

*Stjórn SORPU samþykkir að taka lægstu tilboðum samkvæmt fyrirliggjandi minnisblaði.*

#### 4. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:14 þann 30. apríl.